


Hugmyndabanki fyrir bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar eru fulltrúar allra foreldra í bekknum. Þeir eru tengiliðir við stjórn foreldrafélags, skólaráð, skólastjórn og umsjónarkennara. Þeirra hlutverk er einnig að skipuleggja bekkjarskemmtanir vetrarins.



Bekkjarskemmtun er hugsuð sem vettvangur fyrir foreldra og börn til að kynnast öðrum foreldrum og nemendum í bekknum betur. Gott er að miða við tvo viðburði að lágmarki yfir skólaárið. Æskilegt er að festa dagsetningar í upphafi vetrar fyrir hvorn viðburð. Hér hafa verið teknar saman nokkrar hugmyndir sem bekkjarfulltrúar geta stutt sig við.

ATHUGIÐ að ekki er æskilegt að halda bekkjarskemmtun í desember og maí.

Danskvöld

Fenginn danskennari til að stýra dansi. Zumba, salsa, hip-hop, afró eða annað skemmtilegt.

Gönguferðir – fjallgöngur

Hægt að hittast við Kaldársel í Hafnarfirði og ganga að Valabóli. Þar er hellir (Músarhellir). Einnig sniðugt að ganga um Álftanesið eða fara á lægri fjöll eins og Helgafellið.

Spilakvöld – skákkvöld

Búðin Spilavinir setur upp spilastöðvar og kennir á spil eða fjölskyldur koma með eigin spil og skiptast á að spila þau.

Keiluferð – diskókeila - skautuferð – diskóskautar – Go Kart

Bakstur – eldamenska

Baka piparkökur, snúða, kleinur, laufbrauð eða elda saman einfaldan kvöldverð. Pizzubakstur. Einnig má benda á konfektgerð.

Föndur

Jólaføndur eða páskaföndur.

Fjöruferð

Kastalagerð í sandinum, krabbaskoðun, leita að skeljum, henda flöskuskeytum.

Hjólaferð – hjólabretti

Skemmtilegt að nýta göngustíga sem liggja út frá Álftanesinu. Hægt að hjóla í Nauthólsvík og fara í leiki.

Foreldrafótbolti / handbolti / körfubolti

Foreldrar á móti börnum. Foreldrar spila í stígvélum eða með vettlinga.

Náttfatapartý – tískusýning – grímuball - þemaball

Hægt að setja upp tískusýningu með fötum af mömmu & pabba eða ömmu & afa. Hittast í náttfötum með bangsa eða hafa ákveðið þema eins og ofurhetjur, tímabil í sögunni eða slíkt.

Klifur (Klifurhúsið) – kanó - kayak

Vasaljósaganga eða kvöldvaka með skátaforingjum

Ganga í myrkri með vasaljós og leita að endurskinsmerkjum.

Tarsanleikur – Skólahreysti

Hittast í íþróttasalnum og setja upp Tarsanleik eða tvöfalda þrautabraut. Keppni milli foreldra og barna.

Ólympíuleikar árgangsins

Setja upp stöðvar; fótbolti, spurningar, langstökk o.s.frv. Foreldrar og börn keppa í hópum.

Diskótek

Hengja upp diskóljós og setja saman skemmtilega tónlist.

Lestur – bókakvöld

Hægt að fá skemmtilegan upplesara til að lesa upp úr bók eða börnin velja uppáhalds bókina sína og segja frá henni.

Foreldraspjall án barna

Skapa vettvang fyrir foreldra að hittast án barnanna og ræða málefni sem hæst ber hverju sinni. Möguleiki að ákveða umræðuefni fyrirfram. Sniðugt að tengja við foreldrarölt.

Sjálfsmynd – sjálfstyrking

Hægt að athuga möguleikann á stuttu Dale Carnegie námskeiði.

Ljósmyndamaræðing með þema

Hittast úti og taka myndir af ákveðnu þema; haustlitirnir, dýr o.fl. Skoða myndirnar og borða saman. Einnig hægt að setja upp keppni; finna & mynda 10 hluti. Hvaða hópur er fyrstur?

Útileikir & grill - ratleikur

Sniðugt að nýta opin svæði á Álftanesi, skólalóðina eða rólóvellina. Munum eftir leikjum sem við foreldrar fórum í þegar við vorum lítil. Brennó, Fallin spýta, Ein króna. Einnig hægt að fara í Heiðmörk. Guðmundarlundur o.fl. staðir. Einnig er sniðugt að setja saman ratleik.

Karóki – Singstar – tónlistarkeppni – bingó – spurningakeppni - töfrabragðakennsla

Sleðaferð

Hittast með sleða og snjópotur, t.d. í Ártúnsbrekkunni og ylja sér á heitu kakói á eftir.

Gera góðverk – Jól í skókassa

Koma saman og setja í kassa fyrir málefnið Jól í skókassa þar sem skókassar fullir af nauðsynjum eru sendir til barna í Úkraínu; www.kfum.is/skokassar.

Leikhúsferð – kíkt á bak við tjöldin

Feðgakvöld – mæðgnakvöld